

Ed.

221. Nefndarálit

[84. mál]

um frumvarp til laga um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir um það frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgærða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimanna-sambandi Íslands. Mæltu þessi samtök öll með samþykkt frumvarpsins. Enn fremur kom á fund nefndarinnar Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem samgönguráðherra er veitt heimild til að leyfa skráningu kaupskipa hér á landi án þess að meginkröfu laganna um eignarhald íslenskra aðila sé fullnægt, en þó með því skilyrði að um sé að ræða skip sem gert er út hér á landi með íslenskri áhöfn, að skipið uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna og hafi ekki heimild til að sigla undir fána annars ríkis. Með þessari breytingu verða kaupskip, sem skráð verða á skipaskrá skv. þessari heimild, að lúta eftirliti íslenskra stjórnvalda hvað varðar öryggi skips og búnaðar. Eftirlit íslenskra stjórnvalda með skipum í eigu erlendra aðila, sem gerð eru út hér á landi með íslenskri áhöfn, er nú nánast ekkert þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga um eftirlit með skipum.

Nefndin flytur á sérstöku þskj. nokkrar brtt. sem allar eru um orðalagsatriði og snerta ekki meginstefnu frumvarpsins. Með þeim breytingum leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1985.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Jón Kristjánsson.

Árni Johnsen.

Kolbrún Jónsdóttir.

Skúli Alexandersson.

Valdimar Indriðason.